Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningar Fiskimannasjóðs Kjalarnessþings 1890-1907

Aðfnr. 1346, örk 12

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

1903

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skrá

yfir

styrk úr „fiskimannasjóði Kjalarnesþings“ veittan árið 1903.

| Þiggjendur | Upphæð styrksins Kr. | Kvittanir |
|---|---|---|
| x 1. Elín Stefánsdóttir | 35.00 | Elin Stefánsdóttir handsalað |
| x 2 Elísabet Sæmundsdóttir | 10.00 | Elísabet Sæmundsdóttir Handsalað |
| 3. Geirlaug Sveinsdóttir | 80.00 | sjá medf. kvittun |
| 4. Guðleif Erlendsdóttir | 15.00 | Guðleif Erlendsdóttir (handsalað) |
| 5. Guðmundur Óskar Daníelsson | 20.00 | Oddrún Jóhannesdóttir. Handsalað |
| 6. Guðríður Gunnlaugsdóttir | 25.00 | Guðríður Gunnlogsdóttir handsalað |
| 7. Guðrún Gísladóttir | 20.00 | sent sýslumanni |
| 8. Guðrún Guðnadóttir + | 20.00 | sjá medf. kvittun |
| x 9. Guðrún Halldórsdóttir | 20.00 | Sigkristin Gunn[illegible] |
| x 10. Guðrún Þorkelsdóttir | 20.00 | Guðrún Þorlaksdóttir (handsalað) |
| x 11. Kristín Jónsdóttir | 10.00 | Kristin Jónsdóttir |
| x 12. María Gísladóttir | 60.00 | Maria Gísladóttir |
| 13. Oddný Auðunsdóttir | 20.00 | sjá medf. kvittun |
| 14. Rannveig Jónsdóttir | 45.00 | Ranvig Jónsdóttir (handsalað E. Þ.) |
| 15. Sigríður Ísaksdóttir | 25.00 | sjá medf. kvittun |
| 16. Sigríður Júlíana Tómasdóttir | 20.00 | Sigríður Júlíana Tómasdóttir |
| 17. Sigrún Guðlaugsdóttir | 10.00 | Sigrún Guðlaugsdóttir handsalað |
| 18. Vilborg Pjetursdóttir | 15.00 | móttekið Þ. Pjetursson |
| 19. Þórdís Jónsdóttir | 35.00 | Þordís Jónsdóttir (Árhamrinum) |
| 20. Þórdís Nikulásdóttir | 15.00 | sjá kvittun í gjörðabók |
| Samtals | 520.00 | |

Bæjarfógetinn í Reykjavík 12. des. 1903.

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

670.a
550.a
1100.a
1780.a
4090

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Handa eptirgreindum ekkjum í Hafnarfirði
hef jeg tekið á móti styrk úr fiskimanna-
sjóði Kjalarnesþings þ. á. sem hjer segir

1. Geirlaugu Sveinsdóttur . . Kr. 80.00
2. Guðrúnu Guðnadóttur — " 20.00
3. Oddnýju Auðunsdóttur – – " 20.00
4. Sigríði Ísaksdóttur — " 25.00

Skr. í Reykjavík 12. desember 1903.

Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur
## yfir tekjur og gjöld fiskimannasjóðs Kjalarnesþings árið 1903

| | Tekjur | Kr. | a. | | Gjöld | Kr | au |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Sjóður við ársbyrjun (Sj. bók 1903 B, 49-50 bls. | | | 1. | Veittur styrkur – – – – | 520 | 00 |
| | a, Veðskuldabrjef . . . . . Kr. 4290,00 | | | 2. | Afborgun (tekjul 2) – – – | 150 | 00 |
| | b, bankavaxtabrjef . . . . " 9000,00 | | | 3 | Sjóður við árslok | | |
| | c innstæða í sparisjóði – " 428.26 | 13718 | 26 | | a, Veðskuldabrjef – – Kr. 4090,00 | | |
| 2. | Afborgun af láni | 150 | . | | b. bankavaxtabrjef – – " 9000,00 | | |
| 3 | Vextir | | | | c sparisjóðsinnstæðu " 705,31 | 13795 | 31 |
| | a, af veðskuldabrjefum – Kr. 168,80 | | | | | | |
| | b, " bankavaxtabrjefum " 405,00 | | | | | | |
| | c sparisjóðsinnstæðu 23.25 | 597 | 05 | | | | |
| | Samtals | 14465 | 31 | | Samtals | 14465 | 31 |

Bæjarfógetinn í Reykjavík 31. desember 1903.

Halldór Daníelsson.

Reikning þennan hefi eg endurskoðað og ekkert fundið athugavert.
Jóhann Þorkelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hafnarfirði 10/12 190

# Talsímaskeyti

til

hr. bæjarfogeta Halldors Danielssonu

frá

hr. sýslumanni Páli Einarsyni

Jeg get ekki komið í dag

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landakoti
10. desembr 1903.

Með því að jeg hef verið veikur og er fyrir fáum dögum kominn á fætur, – þá treysti jeg mjer ekki til að sækja fund þann, er þjer, háttvirti herra bæjarfógeti, hafið boðað mig á, hinn 12. þ. m.; enda mundi jeg ekki geta gefið neinar verulegar upplýsingar um efnahag ekkna þeirra, sem sókt hafa um styrk úr ekknasjóðnum, því þær munu allar vera, eða eiga heima, utan takmarka Vatnsleysustrandarhrepps.

Virðingarfyllst:
Guðm. Guðmundsson.

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

225
220
25
50

520

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9/11

Jafnframt því að jeg, sem ekkja epti mann minn sáluga Benidikt Magnússon, er drukknaði í fiskiróðri í aprílmánuði 1899, votta mitt innilegt þakklæti fyrir styrk þann, sem jeg um undanfarin ár hefi fengið af fiskimannasjóði Kjalarnesþings, leyfi jeg mjer auðmjúklegast að biðja þess, að mjer, sem er 67 ára gömul, bláfátæk og ellihrum, verði einnig þetta ár veittur styrkur af nefndum fiskimannasjóði.

Hverfisgötu, nr. 37, í Reykjavík, 30. okt. 1903.

Auðmjúklegast.

Elín Stefánsdóttir.

Til

stjórnarnefndar fiskimannasjóðs Kjalarnesþings.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30/9

Jeg undirrituð, sem er ekkja eptir mann minn sáluga Helga Ólafsson, sem á síðastliðnum vetri drukknaði á þilskipinu „Orient,“ leyfi mjer hjer með auðmjúklegast að fara þess á leit við hina háttvirtu stjórnarnefnd fiskimannasjóðs Kjalarnesþings, að mjer verði veittur styrkur úr þessum sjóði á næstkomandi vetri.

Maður minn sálugi, sem átti heima hjer í Reykjavík síðastliðið ár, var á 33. aldursári þegar hann drukknaði. Áttum við saman 1 barn, sem nú er á 3. ári, en við vorum sárfátæk, og hann eptirljet sjer alls engar eigur afgangs skuldum þá er hann dó. Sjálf er jeg 34 ára gömul, og hefi ekkert annað við að styðjast til lífsuppeldis mjer og barni mínu, en vinnukonulaun mín, sem eigi eru há; en sökum fátæktar minnar neyddist jeg til að fara í vinnukonuvist hjer í bænum, þegar maður minn drukknaði. Jeg dirfist því auðmjúklega að biðja þess og vænta, að mjer verði veittur hinn umbeðni styrkur af fiskimannasjóðnum.

Hverfisgötu Nr. 19. Reykjavík, 29. september 1903.

Auðmjúklegast.
Guðrún Þorkelsdóttir.

Til
stjórnarnefndar fiskimannasjóðs Kjalarnesþings.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22/9

Eins og að undanförnu Er það hjer með virðingarfyllst bón mín til Herra Bæjarfógetans að hann vildi svo vel gjöra og veita mjer styrk að Ekkna-sjóði sjódandra manna þegar þeim styrk verður útbitt á þessu ári

Virðingarfyllst

Grettirsgötu 28 14 September 1903

Elisabet Sæmundsdóttir

Til

Hr. Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30/10

Hjer með leyfi jeg mjer auðmjúklegast að fara þess á leit, að mjer þetta ár verði veittur styrkur úr fiskimannasjóði Kjalarnesþings. Eins og jeg þakklátlega viðurkenni var mjer bæði árið 1900 og árið 1901 veittur 15 kr styrkur í hvort skipti, en í fyrra var mjer enginn styrkur veittur, enda hafði jeg þá atvinnu hjá Páli bónda Vídalín, sem þá bjó á Laxnesi í Mosfellssveit. En þetta ár hefi jeg enga fasta atvinnu, er alveg eignalaus og bláfátæk, og hefi ekkert annað við að styðjast mjer til lífsframfæris en handavinnu þá, sem jeg að hendingu kann að geta fengið; dirfist jeg því auðmjúklega að óska þess, að mjer þetta ár verði, eins og árin 1900 og 1901 veittur styrkur úr fiskimannasjóðnum.

Bergstaðastræti, 11.a, í Reykjavík, 30. sept. 1903.

Auðmjúklegast.

Guðleif Erlendsdóttir.

Til

stjórnarnefndar fiskimannasjóðs Kjalarnesþings.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31/8

Jeg undirskrifuð Guðríður Gunnlaugsdóttir ekkja Sigurðar sál. Jóhannessonar hjeðan úr bænum – sem drukknaði við fiskiveiðar á þilskipinu „Fálkinn“ sumarið 1900 – leyfi mjer hjer með allra auðmjúklegast að beiðast þess að hin háttvirta stjórn fiskimannasjóðsins í Kjalarnesþingi vildi veita mjer styrk af greindum sjóði fyrir yfirstandandi ár.

Jeg skal leyfa mjer að geta þess að jeg á 2 börn annað 6 ára hitt 3 ára, hef engin efni við að styðjast, en hef þó ekki þegið af sveit

Reykjavík. Klapparstíg No 13. 29. ágúst 1903.

Guðríður Gunnlaugsdóttir

Til

Stjórnenda fiskimannasjóðsins í Kjalarnesþingi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27/10

# Umsókn

**um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.**

1. Nafn og aldur umsækjanda?

Geirlaug Sveinsdóttir 38 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi?

Jón Kristjánsson; druknaði 9. Sept. 1901 af þilskipinu Litlu-Rósu frá Hafnarfirði.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? Ekki aðrir skylduómagar en börnin, sem eru þessi: Sveinbjörg 16 ára, Halldóra 14 ára, Kristján 11 ára, Vilborg 8 ára, Sigurgeir 5 ára og Jónína Geirlaug 2 ára.

4. Heilsufar umsækjanda? Gott.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Umsækjandi hefur bjargast af án sveitarstyrks; þakkar það að verulegu leyti styrknum úr fiskimannasjóðnum, og vonar að slíkur styrkur muni hjálpa sér til þess, að bjargast af án sveitarstyrks næstkomandi ár fyrir það fyrsta.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Börnin eru ófermd nema hið elsta; hið næstelsta er heilsuveikt; eitt er á fóstri hjá ömmu sinni og stjúpafa.

Hafnarfirði 15. Október 1903

Geirlaug Sveinsdóttir

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Görðum 17. Okt. 1903

Jens Pálsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda? Gudmundur Óskar Danielsson 4 ára gamall

2. Nafn ~~manns~~ föður umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? faðir hans Daniel Gudmundsso druknaði 1899 af skipinu Falken

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? —

4. Heilsufar umsækjanda? heylsufar hans er heldur gott —

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? von um að hann þiggi Ekki ~~af~~ sveit er að móðirinn geti sjeð um hann og hjálpað honum —

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta. að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Reykjavík, 30. sept. 1903

Jóhann Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11/7

Eg undirskrifuð ekkja eptir Gest sál. Jónsson frá Meðafelli í Kjós vil hjer með leyfa mjer að sækja um að mjer verði enn, eins og að undanförnu veittur styrkur úr „Fiskimannasjóði Kjalarnesþings" yfir standandi ár.

Kringumstæður mínar eru líkar því sem þær voru síðastliðið ár, nema hvað mjer og móður minni á níræðisaldri – sem jeg hefi ~~til~~ þessa annast –, fer æ hnignandi með heilsu. – Bæ í Kjós 7. júlí 1903

Guðrún Gísladóttir

Til Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27/10

# Umsókn

### um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda?
Guðrún Guðnadóttir 47 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi?
Þorsteinn Guðmundsson; druknaði 12. Ágúst 1898 af þilskipinu Himalayja frá Hafnarfirði.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar?
Börn umsækjanda eru: Nikólína 23 ára, Ólafur 19 ára, og Sigurður 15 ára.

4. Heilsufar umsækjanda? Allgott

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Umsækjandi hefur komist af án sveitar-styrks, og hefur styrkurinn úr fiskimannasjóðnum ekki lítið stutt að því; vonar fastlega að hún verjist sveit héðan af einkum ef hún fengi styrkinn áfram.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?
Af börnunum er aðeins hið yngsta: Sigurður, fermdur fyrir ári síðan, á heimili umsækjanda.

Hafnarfirði 20. Okt. 1903
Guðrún Guðnadóttir

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Görðum 22. Okt. 1903
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7/12

Fyrir hönd ekkjunnar Guðrúnar Halldórsdóttur hjer í bænum leyfi jeg mjer hjermeð að fara þess á leit, að ekkju þessari verði eins og að undanförnu veittur styrkur, svo ríflegur sem föng eru á, úr fiskimannasjóði Kjalarnessþings.

Reykjavík 7. desbr. 1903

Sighvatur Bjarnason

Til

Stjórnar Fiskimannasjóðs Kjalarnessþings

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda? María Gísladóttir 37 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi?
Jón Gíslason Laxdal druknaði 2 April 1902 af skipinu Kristófer

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar?
umsækjandi á 2 börn 14 ára og 9 ára

4. Heilsufar umsækjanda? Gott

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Umsækjandi hefur aldrei þegið af sveit og hafi hún sömu heilsu og njóti sama styrk og fyrri farandi vonast hun til að komast af án sveitarstyrks,

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Þ. Bræðraborgarstíg 18.

7. Október 1903

María Gísladóttir

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta. að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.. — Jóhann Þorkelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda? Ranveig Jóns dóttir 63 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? Gísli Steffánsson druknaði 30 Nofember 1886 á opnumbát

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? ~~Aðrir skyldu~~ómagar? eru 2 dætur 29 og 26 ára dóttur sonur minn er að mestuleiti hjá mjer 6 ára

4. Heilsufar umsækjanda? er mjög bágborið

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit?

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Hvorug dætra minna er þess megnug að veita mjer hjálp

Gíslaholti 5 októbr 1903

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta. að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Jóhann Þorkelsson
dómk. pr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda? Kristín Jónsdóttir, 48 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? Ófeigur Guðmundsson, druknaði 22. maí 1888 fyrir austan Akurey af opnu skipi úr fiskiróðri

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? 2 börn, annað 22 ára, piltur á háskólanum, hitt 19 ára, stúlka sem er heima. Aðrir skylduómagar engir.

4. Heilsufar umsækjanda? Heilsa fremur óstyrk.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Umsækjandi hefir aldrei þegið sveitarstyrk og vonar að þurfa þess ekki. Hana munði muna talsvert um, þó hún fengi ekki nema 20-35 kr. af Fiskimannasjóðnum, hvað þá ef meira fengist.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Reykjavík, Hafnarstræti 8, 28. okt. 1903

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Jóhann Þorkelsson
dómk. pr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda? Björg Magnúsdóttir 25 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi?
Sigurjón Jónsson. Druknaði 8 Marts 1903 af skipinu Karólína

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? Engin börn né skylduómagar

4. Heilsufar umsækjanda? bágborið.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? umsækjandi hefur aldrei þegið ~~af~~ af sveit og veitist henni styrkur úr sjóðnum eru allar líkur til að hún ekki þurfi sveitarstyrks

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?
að öllum líkindum eru eigur búsins ekki meiri enn fyrir skuldum

No 20

Nýlendugötu 17 Október 1903
Björg Magnúsdóttir

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Reykjavík. 20. okt. 1903
Jóhann Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

**um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.**

1. Nafn og aldur umsækjanda? Þórdís Nikulásdóttir, 60 ára.

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? Halldór Þ. Halldórsson, druknaði 29. apr. 1892 af opnu skipi á suðurnesjum.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? Ásdís 21 árs, Nikulás Árni 15 ára, börn hennar. Aðrir skylduómagar engir.

4. Heilsufar umsækjanda? Umsækjandi er orðin heilsutæp og verður að hlífa sér við allri áreynsluvinnu.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Að undanförnu hefir umsækjandi þegið nokkurn sveitarstyrk til framfærslu barnanna, en þetta ár engan, og vonar hún að geta varist sveit með nokkrum styrk úr Fiskimannasjóðnum

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra? Umsækjandi hefir enn nokkurn þyngsli af yngra barni sínu, Nikulási, sem hvorsáder er að læra trésmíði.

Reykjavík, Vesturg. 46, 29. ág. 1903
Þórdís Nikulásdóttir
(handsalað).

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Jóhann Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda?

Þórdís Jónsdóttir; 46 ára.

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi?

Sigurður Jón Jónsson; druknaði á þilskipinu „Komet" 1898.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar?

Þrjú börn, 16, 13 og 8 ára.

4. Heilsufar umsækjanda?

Heilsutæp; þolir lítt vinnu.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit?

Nei; býst við að komast af ef hún fær þennan styrk.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Reykjavík 24. ágúst 1903.

Þórdís Jónsdóttir

(í húsi Ástráðs Hannessonar við Smiðjustíg).

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Reykjavík, 12. sept. 1903

Jóhann Þorkelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda? Vilborg Pétursdóttir, 47 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? Hans Gísli Jónsson, druknaði 29. apr. 1892 af opnu skipi úr fiskiróðri á suturnesjum.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? 5 börn, 21, 18, 15. 13 og 12 ára.

4. Heilsufar umsækjanda? Hún er heilsutæp og þolir eigi erfiða vinnu.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Umsækjandi hefir þegið sveitarstyrk nokkurn til framfærslu barnanna og þiggur þetta ár 96 Kr.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

Reykjavík, Nesbrg. 29, 31. ág. 1903

Vilborg Pjetursdóttir

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Jóhann Þorkelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14/9

Það er hjer með virðingarfyllst bón mín til Herra Bæjarfógetans að hann vildi svo vel gjöra og veyta mjer Styrk af Ekknasjóði Sjódrukknaðra manna eins og að undanförnu þegar þeim styrk verður úthlutað. Enda þó það af einhverjum orsökum ferist fyrir seynast sbr. í fyrra haust

Virðingarfyllst

Veghúsum 14 September 1903

Sigrún Guðlaugsdóttir

Til Herra
Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda? Sigríður Valdadóttir, 49 ára.

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi? Ólafur Ólafsson, druknaði í fiskiróðri 8. jan. 1882 af bát frá Kalmanstjörn í Höfnum

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? 4 börn, 24, 23, 21 og 18 ára

4. Heilsufar umsækjanda? Heilsa sæmilega góð.

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Þáði um nokkur ár af sveit með börnunum, en ekki nú þessi síðustu ár. Vonar að geta varist sveit, ef heilsa ekki bilar.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra? Þótt umsókn þessi komi nokkuð seint af vangá og vanþekkingu minni, treysti eg samt sem áður því, að litið verði á þörf mína, og umsókn þessi, ef unt er, verði tekin til greina.

Bergstaðastræti 8, 5. okt. 1903

Sigríður Valdadóttir
(handsalað) –

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Jóhann Þorkelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31/8.

Jeg undirskrifuð Sigríður Júlíana Tómasdóttir ekkja Jóns sál. Guðmundssonar frá Mýrarkoti í Bessastaðahreppi – sem drukknaði í fiskiróðri veturinn 1884. Leyfi mjer hjermeð virðingarfyllst að beiðast þess að hin háttvirta stjórn fiskimannasjóðsins í Kjalarnesþingi vildi veita mjer styrk af tjeðum sjóði fyrir þettað ár eins og að undanförnu.

Reykjavík, Bræðraborg 29. Ágúst 1903.
Sigríður J. Tómasdóttir

Til
Stjórn fiskimannasjóðsins í Kjalarnesþingi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hérmeð leyfi eg mér að leita til
stjórnenda fiskimannasjóðs Kjalarnes-
þings og biðja þá, sjái þeir sér það
fært, að veita mér einhvern styrk úr
téðum sjóði, næst er þeir úthluta úr
honum fé handa ekkjum þeirra manna,
er í sjó hafa drukknað

Högum mínum er þannig háttað, að
eg misti mann minn í sjóinn af fiski-
skipinu Kópanesi á síðastliðinni vetrar-
vertíð. Eg er heilsulítil og efnalítil eða
efnalaus. eg veit það eigi glögt enn
þá. — Eg hefi á vegum mínum móður
mína komna á níræðisaldur, og langar
mig mjög til að hún þurfi ekki að
hrekjast frá mér, en sé þó varla að
eg geti staðið straum af henni at-
stoðarlaust.

Eg orðlengi þetta svo ekki, en
treysti því að alt sanngjarnlegt

tilbit verði tekið til þessarar beiðni minnar

Virðingarfylst

Mýrarhúsum við Hafnarfjörð 4. sept. 1903

Oddný Auðunnsdóttir

Til
stjórnendr fiskimannasjóðs Kjalarnesþings

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ri.

–

ngo.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27/10

# Umsókn

## um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda?

Oddný Auðunnsdóttir 37 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi?

Guðmundur Ólafsson; druknaði í marzmánuði 1903 af þilskipinu „Kópanesi“ frá Hafnarfirði

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar? Umsækjandi er barnlaus en annast móður sína, ekkju á níræðisaldri umkomulausa.

4. Heilsufar umsækjanda? Allgott

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit?

Umsækjandi þiggur ekki né hefur þegið sveitarstyrk.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra? Felast í bréfi umsækjanda 4. sept. til stjórnar fiskimannasjóðsins, og legst það hér með

Mýrarhúsum við Hafnarfjörð 23. Okt. 1903

Oddný Auðunsdóttir (hand-salað)

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta, að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Görðum 24. Okt. 1903

Jens Pálsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27/10

# Umsókn

um styrk úr Fiskimannasjóði Kjalarnesþings.

1. Nafn og aldur umsækjanda?

Sigríður Ísaksdóttir 57 ára

2. Nafn manns umsækjanda, hve nær druknaði hann og af hvaða skipi?

Pétur Friðriksson; druknaði 15. Maí 1897 af þilskipinu „Einingin" frá Reykjavík.

3. Börn umsækjanda og aldur þeirra? Aðrir skylduómagar?

Engin börn, og engir skylduómagar.

4. Heilsufar umsækjanda? Sæmilega gott eftir aldri fram á yfirstandandi ár; en er nú með hverjum mánuðinum lasnara, og viðbúið að heilsan sé á þrotum. –

5. Þiggur umsækjandi eða hefir þegið sveitarstyrk, og hver von er um að styrkur úr Fiskimannasjóðnum verji umsækjanda frá sveit? Þiggur ekki né hefur þegið sveitarstyrk, og vonast til að komast framvegis af án sveitarhjálpar. Viðurkennir þakklátlega, að fenginn styrkur úr fiskimannasjóði hafi verið sér stórvægileg hjálp til sæmilegrar afkomu hingað til.

6. Aðrar athugasemdir, sem umsækjandinn kann að vilja gjöra?

á Hamri í Hafnarfirði 24. Okt. 1903

Sigríður Ísaksdóttir

Eg undirritaður ~~oddviti~~ sóknarprestur votta. að það sem sagt er í ofanritaðri umsókn er sannleikanum samkvæmt.

Görðum 24. Okt. 1903

Jens Pálsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur